

Jafnréttis- og mannréttindastefna – stefna gegn mismunun

Texti á forsiðu:

Hafnarfjarðarbær er jafnréttissinnað og lýðræðislegt bæjarfélag sem tryggir öllum einstaklingum jöfn tækifæri og möguleika til áhrifa og þar sem fjölbreyttar þarfir eru viðurkenndar.

Hafnarfjarðarbær

Inngangur

Grundvöllur og markmið

Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar kveður á um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Sérstaklega er kveðið á um jafnan rétt kynjanna þar sem hugtakið kyn vísar **til allra kynja, s.s. kvenna, karla, intersex og transfólks**. Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar er grundvöllur jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar.

Jafnréttis- og mannréttindastefna Hafnarfjarðarbæjar miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Grundvöllur stefnunnar er jafnræðisregla stjórnarskrárinnar sem kveður á um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda. Í stjórnarskránni er sérstaklega kveðið á um að konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna en hafa ber í huga að margir skilgreina sig ekki sem annað hvort karlkyns eða kvenkyns. Í stefnu þessari vísar hugtakið kyn til allra kynja, s.s. kvenna, karla, intersex og transfólks.

Commented [BGB1]: Ekki talað um kynhneigð, aldur, fötlun eða heilsufar í stjórnaskrá. Lagt til að texti verði umorðaður. Sjá næstu málsgrein.

Commented [BGB2]: transfólk í stað transgender sbr. <https://hinsegin.files.wordpress.com/2010/11/trans-bc3a6klingur.pdf>

Opinber stefna í jafnréttis- og mannréttindamálum

Jafnréttis- og mannréttindastefnan er opinber stefna í jafnréttis- og mannréttindamálum og er ætlað að vinna gegn allri mismunun. Henni er ætlað að taka til ólíkra hlutverka sveitarfélagsins, þ.e. í fyrsta lagi sem stjórnvalds, í öðru lagi sem atvinnurekanda og í þriðja lagi sem veitanda þjónustu og samstarfsaðila.

Frumkvæði og samstarf

Hafnarfjarðarbær er jafnréttissinnað og lýðræðislegt bæjarfélag sem tryggir öllum einstaklingum jöfn tækifæri og möguleika til áhrifa og þar sem fjölbreyttar þarfir eru viðurkenndar. Hafnarfjarðarbær vill efla frumkvæði, nýsköpun, þekkingaröflun, ráðgjöf, fræðslu og sjálfsprottið starf sem hefur jafnrétti og mannréttindi að leiðarljósi. Í vinnu sinni að jafnréttis- og mannréttindamálum á bærinn samstarf við hina ýmsu aðila og má þar helst nefna velferðarráðuneytið, Jafnréttisstofu og önnur sveitarfélög.

Inntak samþætt í aðra stefnumótun

Lögð er áhersla á að inntak jafnréttis- og mannréttindastefnunnar sé samþætt með virkum hætti inn í aðra stefnumótun á vegum bæjarins. Áhersla er jafnframt lögð á að jafnréttis- og mannréttindastjórnarmiðum sé fylgt eftir í hvívetna á grundvelli laga, samninga og sáttmála. Má þar nefna lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 59/1992, mannréttindasáttmála Evrópu, barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og Evrópasáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum.

Ábyrgð og endurskoðun

Bæjarráð Hafnarfjarðar er ábyrgðaraðili jafnréttis- og mannréttindastefnu og skal hún endurskoðuð eigi síðar en ári eftir næstu sveitarstjórnarkosningar. Einstök verkefni, tímamörk þeirra og ábyrgðaraðilar eru tilgreind í jafnréttisáætlun þeirri sem unnin var jafnhliða endurskoðun stefnunnar. Þessi stefna var samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann xxxx 2016. Öllum stofnunum, nefndum og ráðum bæjarins ber að vinna samkvæmt henni.

Hafnarfjörður sem stjórnvald

Hafnarfjarðarbær er þriðja stærsta sveitarfélag landsins með um 29.000 íbúa. Verkefni sveitarfélagsins eru fjölbreytt en meðal lögbundinna verkefna sveitarfélagsins er að starfrækja leik- og grunnskóla, staðbundna fjölskylduþjónustu, skipulagsmál og samgöngumál. Þjónustusvið Hafnarfjarðarbæjar eru fimm og eru þau leidd af fimm sviðsstjórum, þar af eru tvö stoðsvið sem vinna þvert á þjónustusviðin; stjórnsýslusvið og fjármálasvið. Þjónustusviðin eru fræðslu- og frístundaþjónusta, fjölskylduþjónusta og umhverfis- og skipulagsþjónusta.

Jafnrétti kynjanna

Markmið: Að treysta lýðræðislega stjórnun bæjarins með því að leitast við að þátttaka og áhrif kynjanna sé sem jöfnust og að jafnt tillit sé tekið til sjónarmiða og þarfa bæjarbúa óháð kyni.

Leiðir að markmiðum

- Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum bæjarins skal hafa hlutföll kynja 2:3 í fimm manna nefndum og 1:2 í þriggja manna nefndum.
- Jafnrétti kynja skal haft að leiðarljósi þegar valdir eru fulltrúar í vinnuhópa til undirbúnings stefnumótunar og meiriháttar ákvarðana.
- Við gagnaöflun og annan undirbúning ákvarðana sem áhrif geta haft á stöðu kynjanna skal leitast við að taka mið af þörfum og viðhorfum beggja kynja og greina afleiðingar þeirra með tilliti til jafnréttis.
- Öll starfsemi Hafnarfjarðarbæjar skal taka mið af því markmiði bæjarins að vinna gegn kynbundnu ofbeldi; andlegu, líkamlegu jafnt sem kynferðislegu.

Aldur

Markmið: Að tryggja að tillit sé tekið til sjónarmiða og þarfa bæjarbúa á öllum aldri.

Leiðir að markmiðum

- Við undirbúning ákvarðana sem haft geta áhrif á fólk vegna aldurs skal taka mið af þörfum og viðhorfum fólks á mismunandi aldri.
- Þegar verið er að undirbúa ákvarðanatöku sem hefur sérstök áhrif á ákveðna aldurshópa skal hafa samráð við fulltrúa viðkomandi hópa.
- Þegar gerðar eru ráðstafanir sem varða börn skal það ávallt hafa forgang sem er barninu fyrir bestu.

Fötlnun

Markmið: Að gera fólki með fötlun kleift að taka virkan þátt í hafnirsku samfélagi og tryggja að það hljóti sanngjarna og réttláta meðferð.

Leiðir að markmiðum

- Við stefnumörkun og ákvarðanatöku er varðar fólk með fötlun skal sérstaklega hafa við þau samráð.

Kynhneigð, kynvitund, kyntjáning og kyneinkenni

Markmið: Að tryggja að allir geti tekið virkan þátt í hafnfirsku bæjarsamfélagi og hljóti sanngjarna og réttláta meðferð, óháð kynhneigð.

Leið að markmiðum

- Við undirbúning ákvarðana sem varða sérstaklega kynhneigð, kynvitund og kyneinkenni fólks skal haft samráð við hagsmunasamtök þeirra.

Trúarbrögð og stjórnmálaskoðanir

Markmið: Að tryggja að Hafnarfjarðarbær sýni trú og skoðunum bæjarbúa virðingu og umburðarlyndi.

Leið að markmiðum

- Við undirbúning ákvarðana sem snerta ákveðna trúarhópa sérstaklega skal haft við þá samráð.

Uppruni og þjóðerni

Markmið: Að tryggja að allir geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu og hljóti sanngjarna og réttláta meðferð óháð uppruna.

Leið að markmiðum

- Leita skal eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila og/eða fagaðila við stefnumótun og ákvarðanatöku sem varðar sérstaklega einstaklinga með erlent þjóðerni eða uppruna.

Hafnarfjörður sem vinnuveitandi

Starfsfólk sveitarfélagsins er um 1.800 talsins á rúmlega 70 starfstöðum sem gerir sveitarfélagið að stærsta atvinnurekanda Hafnarfjarðar. Að auki fá í kringum 1.000 ungmenni vinnu yfir sumartímann í vinnuskóla, skapandi sumarstörfum, átaksverkefnum, sumarnámskeiðum og öðrum tilfallandi verkefnum.

Jafnrétti kynjanna

Markmið: Að með skipulögðu jafnréttisstarfi verði tryggt að kynin njóti jafnréttis á vinnustöðum sveitarfélagsins í hvívetna. Það er stefna bæjaryfirvalda að samsetning starfsmannahópsins á öllum vinnustöðum bæjarins endurspegli fjölbreytileika hafnfirskis samfélags.

Leiðir að markmiðum

- Í öllum auglýsingum á vegum stofnana og fyrirtækja Hafnarfjarðarbæjar skal gæta jafnréttis og jafnrar virðingar kynjanna. Atvinnuauklýsingar skulu að jafnaði vera kynhlutlausar, en sé um að ræða störf þar sem hallar á annað kynið skal vekja athygli á því markmiði jafnréttisstefunnar að jafna kynjaskiptingu innan starfsgreinar sbr. 26. gr. jafnréttislaga.
- Öll störf hjá Hafnarfjarðarbæ ber að auglýsa, nema um tímabundnar ráðningar eða tilfærslu í starfi sé að ræða. Við tilfærslu í starfi skal að öllu jöfnu auglýsa stöðuna innanhúss.

Commented [BGB3]: Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar notar „kynhneigð, kynvitund, kyntjáning og kyneinkenni“. Lagt til að það verði einnig gert í stefnu Hafnarfjarðarbæjar.

Jafnréttissjónarmið skulu metin til jafns við önnur sjónarmið þegar ráðið er í stöður hjá Hafnarfjarðarbæ. Umsækjandi af því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein skal að öðru jöfnu ganga fyrir við ráðningu þegar hann er jafnhæfur eða hæfari.

- Konur og karlar skulu njóta sambærilegra kjara og réttinda. Greiða skal jöfn laun fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf óháð kyni. Allar ákvarðanir sem hafa áhrif á kjör skulu byggjast á málefnalegum forsendum, óháð kyni. Hafnarfjarðarbær telur að launaleynd sé ein af uppsprettum kynbundins launamunar og að henni beri því að útrýma hvar sem hún kann að vera til staðar, sbr. 19. gr. jafnréttislaga.
- Vinnuaðstæður skulu taka mið af þörfum allra kynja. Við úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir skal gætt að jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum, svo starfsfólki verði ekki mismunað á neinn hátt. Starfsþróun og símenntun skal nýta til aukins jafnréttis kynja á vinnustað.
- Hafnarfjarðarbær vill nýta kosti sveigjanleika á vinnustað til að auðvelda starfsfólki að samræma einkalíf, fjölskylduábyrgð og starf og stjórndum að mæta breytilegum þörfum starfseminnar. Starfsfólk skal eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu vinnutíma eða vinnuskipulags þar sem því verður við komið og hentað getur bæði starfsmanni og starfsemi. Kappkosta skal að halda ekki fundi á vinnustöðum í upphafi og lok vinnudags á þeim tíma þegar líklegast er að starfsfólk nýti sveigjanleika í vinnutíma, þar sem það á við. Sérstök áhersla er lögð á að vinna gegn stöðluðum ímyndum um hlutverkaskiptingu kynjanna hvað snertir fjölskylduábyrgð og eru karlar hvattir til að nýta sér sveigjanleika, hlutastörf eða aðrar leiðir til að þeir geti tekið fulla ábyrgð á fjölskyldu sinni.
- Kynferðisleg áreitni er með öllu óheimil á vinnustöðum bæjarins. Vísað er til 2. gr. jafnréttislaga um skilgreiningu á kynbundinni og kynferðislegri áreitni. Sé yfirmanni eða trúnaðarmanni gert viðvart um slíka hegðun ber viðkomandi, í samráði við forstöðumann að binda endi á hana. Polandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni. Alvarleg eða endurtekin áreitni varðar áminningu eða brottrekstur úr starfi.

Aldur

Markmið: Að tryggja að fólki sé ekki mismunað á vinnustöðum Hafnarfjarðarbæjar vegna aldurs.

Leiðir að markmiðum

- Starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar standi til boða símenntun og starfsþróun, óháð aldri.
- Hafnarfjarðarbær gæti þess að skapa jákvætt og gott andrúmsloft sem er laust við fordóma og klisjur er tengjast aldri.
- Þegar því er við komið geti starfsfólk samið um starf við hæfi, minnkað starfshlutfall og/eða sveigjanleg starfslok þegar aldurinn færir yfir.
- Tryggja skal að starfsfólki sé ekki mismunað vegna barneigna.

Fötlun

Markmið: Að tryggður sé réttur fólks með fötlun á vinnustöðum Hafnarfjarðarbæjar og skapað fordómalaust andrúmsloft í garð einstaklinga með fötlun í starfi.

Leiðir að markmiðum

- Umsækjandi með fötlun skal njóta forgangs í störf hjá bænum sé hann jafnhæfur eða hæfari en aðrir umsækjendur, sbr. 32. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992. Einstaklingar með fötlun skulu njóta sömu kjara og ófatlaðir, sbr. 1. grein í lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992.
- Allar ákvarðanir sem hafa áhrif á kjör starfsmanna bæjarins skulu byggjast á málefnalegum forsendum án tillits til fötlunar viðkomandi.
- Við ráðningu starfsmanns með fötlun ber að sjá til þess að hann fái viðeigandi starfsaðstöðu.
- Gæta þarf þess að starfsfólk fái jöfn tækifæri til símenntunar og starfsþróunar óháð fötlun.

Trúarbrögð og stjórnmalaskoðanir

Markmið: Að tryggja að Hafnarfjarðarbær geri ekki upp á milli starfsmanna bæjarins í kjörum vegna ómálefnalega ástæðna og komi fram við starfsfólk sitt af virðingu, óháð trúar- og stjórnmalaskoðunum.

Leiðir að markmiðum

- Allt starfsfólk bæjarins ber ábyrgð á að skapa andrúmsloft sem er laust við fordóma.
- Virða ber rétt fólks til að tjá sig um trúar- og stjórnmalaskoðanir sínar en ástundun þeirra má þó ekki trufla starfsemi á vinnustað.

Uppruni og þjóðerni

Markmið: Að tryggja starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar af erlendum uppruna jafnræði og jafnrétti á við annað starfsfólk bæjarins og gæta þess við ráðningar og ákvarðanir um kjör starfsfólks bæjarins að ekki ráði ómálefnalegar ástæður.

Leiðir að markmiðum

- Innflytjendur og fólk af erlendum uppruna njóti jafnréttis í hvívetna í ráðningarferli og í öllum kjörum og réttindum. Þeir njóti hæfni sinnar og fái störf í samræmi við hana. Innflytjendur sem sækja um starf hjá bænum eða starfa þar nú þegar njóti leiðbeiningar við að láta meta þá menntun sem þeir hafa aflað sér utan Íslands.
- Hafnarfjarðarbær komi í veg fyrir mismunum hvað varðar starfsaðstöður, starfsþróun og símenntun fólks af erlendum uppruna. Innflytjendur og fólk af erlendum uppruna njóti jafna tækifæra á við annað starfsfólk til starfsframa og starfsþróunar.
- Starfsfólki af erlendum uppruna sé gefinn kostur á starfstengdu íslenskunámi eftir því sem þörf er á og fái fræðslu um starfsáætlun, þjónustumarkmið og menningu vinnustaðarins.
- Á vinnustöðum bæjarins sé unnið gegn fordómum gagnvart starfsfólki vegna uppruna, litarháttar, þjóðernis eða menningarlegs bakgrunns, m.a. með fræðslu þegar þess er þörf.

Hafnarfjörður sem þjónustu- og samstarfsaðili

Hafnarfjarðarbær starfrækir ýmsa þjónustu fyrir bæjarbúa, bæði lögbundna og ólögbundna þjónustu

sem mörkuð er með ákvörðunum bæjarstjórnar. Þjónustusvið bæjarins eru þrjú og stoðsvið sem vinna þvert á starfseminum tvö; stjórnsýslusvið og fjármálasvið. **Stjórnsýslusvið** Hafnarfjarðarbæjar annast almenna stjórnsýslu sveitarfélagsins, menningarmál, ferðamál, atvinnumál og upplýsingamál. **Fjármálasvið** annast greiðslu og innheimtu reikninga, bókhald og skráningu reikninga, fjárhagslegt eftirlit, áætlanagerð, tölvumál og innkaupastjórnun. **Fræðslu- og frístundþjónusta** Hafnarfjarðarbæjar annast stjórnsýslu og umsýslu menntunar, tómstunda- og íþróttamála í sveitarfélaginu. **Fjölskylduþjónusta** Hafnarfjarðarbæjar ber ábyrgð á barnavernd, forvörnum, stuðningi og ráðgjöf við fjölskyldur, á húsnæðismálum, fjárhagsaðstoð, þjónustu við fatlað fólk, þjónustu við aldraða, afgreiðslu húsaleigubóta og heimaþjónustu. **Umhverfis- og skipulagsþjónusta** hefur umsjón með skipulagsgerð og afgreiðslu skipulagsmála ásamt því að sjá um rekstur eigna bæjarins, áætlanagerð, faglegan undirbúning verkefna, verklegar framkvæmdir og alla umsýslu varðandi fasteignir, götur, veitur og opin svæði.

Hafnarfjarðarbær hefur það að markmiði að vera framsækið sveitarfélag og leiðandi í miðlun upplýsinga og þjónustu við alla hagsmunaaðila. Markvisst og skilvirkt samstarf milli þjónustusviða bæjarins á að tryggja skilvirka stjórnun, gott flæði upplýsinga og þá fyrirmyndarþjónustu sem Hafnarfjarðarbær vill vera þekktur fyrir að veita.

Jafnrétti kynjanna

Markmið: Að flétta jafnréttissjónarmið saman við þjónustu Hafnarfjarðarbæjar þannig að hún ýti undir jafnrétti meðal íbúa bæjarins bæði á vettvangi fjölskyldu- og atvinnulífs sem og á öðrum vettvangi samfélagsins.

Leiðir að markmiðum

- Allir eiga óháð kyni jafnan aðgang að þjónustu bæjarins. Við ákvarðanir um tilhögun þjónustu skal tekið mið af þörfum allra kynja og áhrifum ákvarðana á stöðu þeirra.
- Allt uppeldis- og tómstundastarf, menntun og fræðsla sem fram fer á vegum og er á ábyrgð Hafnarfjarðarbæjar og stofnana hans skal hafa jafna stöðu kynjanna að leiðarljósi.
- Jafnréttisfræðsla skal fara fram á öllum skólastigum.
- Börnum og unglingum skal veitt hvatning til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án tillits til hefðbundinna staðalmynda kynjanna.
- Fræðsluyfirvöldum í Hafnarfirði og stjórnendum félags- og tómstundastarfs ber að leitast við að styrkja jákvæða kynimynd barna og vinna gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar meðal unglinga.
- Styrkir Hafnarfjarðarbæjar til félagasamtaka eru bundnir því skilyrði að kynjum sé ekki mismunað. Bæjarráð getur krafist viðtakanda styrks um greinargerð um ráðstöfun hans til að fylgjast með því að hann sé nýttur á jafnréttisgrundvelli.
- Öllum nefndum og ráðum bæjarins, sem auglýsa styrki til umsóknar, er skylt að gæta jafnréttissjónarmiða við úthlutun þeirra.

Aldur

Markmið: Að tryggja jákvætt og uppbyggilegt viðhorf til allra aldurshópa sem njóta þjónustu bæjarins.

Leiðir að markmiðum

- Taka skal tillit til þess að þarfir fólks fyrir þjónustu eru mismunandi eftir aldurskeiðum.

- Gæta þarf þess að bæjarbúar eigi jafnan aðgang að þjónustu bæjarins, óháð aldri, svo fremi sem þjónustan er ekki miðuð við ákveðna hópa, s.s. barna- og unglingastarf. Við ákvarðanir um tilhögun þjónustu skal taka mið af þörfum allra aldurshópa og hafa samráð við hlutaðeigandi hópa.
- Öll þjónusta við aldraða og börn og ungmenni sem er á ábyrgð Hafnarfjarðarbæjar skal hafa jafna stöðu kynjanna að leiðarljósi.
- Tryggja skal börnum vernd fyrir hverskonar ofbeldi, vanrækslu og misnotkun.
- Í öllu barna- og unglingastarfi bæjarins veiti hæft starfsfólk börnum umönnun og vernd og sjái til þess að öryggi þeirra sé eins og best verður á kosið. Þess sé gætt að fjöldi starfsmanna sé nægur til að tryggja það.

Fötlun

Markmið: Að tryggja að fólk með fötlun eigi jafnan aðgang að þjónustu og ófatlaðir.

Leiðir að markmiðum

- Þegar þjónusta er skipulögð skal gæta þess að hún taki mið af þörfum ólíkra hópa fólks með fötlun af öllum kynjum.
- Opinberar byggingar þurfa að vera aðgengilegar fyrir alla, óháð fötlun, sbr. lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.
- Tryggja þarf fötluðu fólki upplýsingar um réttindi sín.
- Allt uppeldis- og tólmundastarf, menntun og fræðsla á vegum bæjarins taki mið af þörfum fólks með fötlun af öllum kynjum.

Kynhneigð, kynvitund, kyntjáning og kyneinkenni

Markmið: Að tryggja að samskipti starfsmanna og þeirra sem njóta þjónustunnar sé byggt á gagnkvæmri virðingu og starfsfólk gangi ekki út frá því sem vísu að allir séu gagnkynhneigðir og sís-kynja.

Leiðir að markmiðum

- Allt uppeldis- og tólmundastarf, menntun og fræðsla taki mið af því að þátttakendur geti verið með ólíka kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkenni.
- Ólíkar kynhneigðir, kynvitund, kyntjáning og kyneinkenni fólks séu rædd kinnroðalaust og fræðslufni lýsi alltaf fjölbreytileika mannlífsins þegar því verður við komið.

Commented [BGB4]: „Búi yfir kynvitund og/eða kyneinkennum sem samræmast kyninu sem því var úthlutað við fæðingu (er hvorki trans né intersex).“

Commented [BGB5]: Sbr. kaflaheiti

Trúarbrögð og stjórnmalaskoðanir

Markmið: Að tryggja að allir eigi jafnt aðgengi að þjónustu Hafnarfjarðarbæjar og að mismunandi lífsskoðanir, stjórnmalaskoðanir eða afstaða til trúarbragða á hverjum tíma hafi ekki áhrif á hvernig komið er fram við viðskiptavini.

Leiðir að markmiðum

- Í uppeldis- og tómsundastarfi, menntun og fræðslu á vegum bæjarins skal tillit tekið til ólíkra siða er tengjast mismunandi trúarbrögðum. Mikilvægt er að ekki sé gengið út frá því að allir aðhyllist sömu trú þó að hefðbundnar trúarhátíðir lútersku kirkjunnar séu haldnar hátíðlegar. Trúarbrögð mannkyns séu kynnt með kennsluefni og í því sé fjölbreytileika alltaf lýst þegar því verður við komið.
- Þjónusta bæjarins skal einkennast af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmri virðingu, óháð lífs-, stjórn mála- eða trúarskoðunum fólks.

Uppruni og þjóðerni

Markmið: Að tryggja að innflytjendur og fólk af erlendum uppruna eigi greiðan aðgang að þjónustu bæjarins og fái tækifæri til að rækta menningu sína.

Leiðir að markmiðum

- Þegar þjónusta á vegum bæjarins er skipulögð skal sérstaklega taka mið af þörfum innflytjenda.
- Þjóða skal tulkapjónustu í viðtölum, t.d. hjá ráðgjöfum og í foreldrasamtölum, þegar þess er þörf.
- Allt uppeldis- og tómsundastarf, menntun og fræðsla á vegum bæjarins taki mið af þörfum barna af erlendum uppruna og veiti þeim sérstakan stuðning og íslenskukennslu til þess að þau fái notið þessa framboðs bæjarins til jafns á við önnur börn.
- Fjölbreytni og margbreytileiki samfélagsins hljóti kynningu í starfi með börnum og ungmennum og þeim gefið tækifæri til að kynna heimamenningu sína og móðurmál.
- Stofnanir Hafnarfjarðarbæjar búi til aðgengilegt og auðskilið upplýsingaefni um þjónustu bæjarins á tungumálum þeirra hópa sem fjölmennastir eru í Hafnarfirði. Hér er átt við vef, bæklinga og auglýsingar þegar það á við.
- Starfsfólk leggi sig fram um að skapa andrúmsloft sem sé laust við fordóma í garð einstaklinga vegna uppruna, litarháttar, þjóðernis eða menningarlegs bakgrunns.

Ábyrgð og verklag

Brýnt er að bæjarráð ræki hlutverk sitt sem jafnréttisnefnd bæjarins. Hvert fagsvið tilnefni **jafnréttisleiðtoga** og útfærir jafnréttisáætlun fyrir sitt svið með mælanlegum markmiðum. Bæjarráði ber að vera með jafnréttismál á dagskrá fjórum sinnum á ári. Stjórnendur og starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar ber ábyrgð á að tryggja að jafnrétti allra sé virt innan stjórnkerfis bæjarins, á vinnustöðum þess og í þjónustu, enda sé þeim gert það kleift með fjármagni og fræðslu á sviði jafnréttismála.

Stjórnendur og/eða sviðsstjórar bera ábyrgð á að:

- kynna stefnuna og að unnið sé eftir henni á viðkomandi fagsviði
- gátlista um kynjajafnrétti sé fylgt eftir
- beita samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í fjárhagsáætlunarferlinu
- auglýsa eftir jafnréttisleiðtogum sem verða starfandi á öllum vinnustöðum bæjarins, þ.e. öllum skólum, leikskólum, heimilum fyrir fatlað fólk og deildum og að fram komi í starfslýsingu

Commented [BGB6]: Lögð til breyting: var áður þróunarleiðtogi eins og hjá Akureyrarbæ. Meira lýsandi að nota jafnrétti í heitinu.

viðkomandi hver verkefni og hlutverk jafnréttisleiðtoga eru. Jafnréttisleiðtogar verði tilraunaverkefni til að byrja með eða frá 1. janúar 2017 til ársloka 2017

- tilkynna jafnréttisleiðtoga til bæjarráðs

Jafnréttisleiðtoga ber að:

- vera málsvari kynjasambættingar í öllu starfi sveitarfélagsins
- sjá til þess að gátlista fyrir kynjajafnrétti sé fylgt eftir
- sitja mánaðarlega fundi jafnréttisleiðtoga allra fagsviða
- tryggja eftirlit og aðhald með því að kynja- og jafnréttissjónarmið séu hluti af fjárhagsáætlun hvers árs
- taka þátt í námskeiðum og kynna sér fræðsluefni

Stjórnendur skólstarfs bera ábyrgð á að:

- fræðsla um jafnrétti sé hluti af skólstarfi og sé nánar útfærð í skólanámskrám
- námsefni mismuni ekki kynjum, vinni gegn fordómum og hafi jafnan rétt allra hópa að leiðarljósi
- kennsluhættir taki mið af því fjölbreytta samfélagi sem við búum í
- í náms- og starfsfræðslu sé lögð áhersla á að kynna báðum kynjum störf sem hingað til hefur verið lítið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf

Stjórnendur í íþróttá-, tómsunda- og æskulýðsstarfs bera sérstaka ábyrgð á að:

- skipuleggja félags- og tómsundastarf með jafnrétti að leiðarljósi
- tryggja að félagasamtök sem njóta aðstöðu, styrkja eða annarra gæða sem Hafnarfjarðarbær lætur í té, svo sem til íþróttaiðkunar, gæti jafnréttis í hvívetna

Stjórnendur þjónustustofnana bera sérstaka ábyrgð á að:

- fyllsta jafnréttis sé gætt í þjónustu bæjarins
- unnið sé markvisst gegn fordómum innan þjónustustofnana og gagnvart þiggjendum þjónustunnar

Bæjarráði ber að:

- sjá til þess að stefnunni og gátlista sé fylgt við allar stefnumarkandi ákvarðanir
- kalla eftir upplýsingum um hvernig gátlistum um kynjajafnrétti á sviðum bæjarins hefur verið fylgt eftir
- kynna stefnuna og stuðla að þekkingaröflun og miðlun upplýsinga

Mannauðsstjóra ber að:

- eiga í samstarfi við stjórnendur og jafnréttisleiðtoga um jafnréttismál
- efla samráð í málaflokknum innan vinnustaða bæjarins

Mælingar

Jafnréttisáætlun sem byggir á þessari stefnu inniheldur mælanleg markmið. Mikilvægt er að í allri upplýsingaöflun og greiningu gagna hjá Hafnarfjarðarbæ verði upplýsingar kyngreindar og birtar, sbr. 16. gr. jafnréttislaga, en jafnframt alltaf greindar eftir þeim hópum sem stefnan nær til þegar því verður við komið. Hafnarfjarðarbær einsetur sér að miðla skipulega innan bæjarins þeirri þekkingu sem bærinn aflar sér og nýta hana til að bæta þjónustu, vinna gegn fordómum, efla jafnrétti á vinnustöðum og fræða bæjarbúa.